

Hugleiðing á Gídeonfundi í sumarbústað Jóhanns í Skorradal 24. maí 2008

“... Hann er góður við vanþakkláta og vonða.” (Lk. 6:35c)

Hinir vanþakklátu

Biblían reynir að kenna okkur þakklæti.

“Þakkið Drottni, því að hann er góður” (Sl. 106:1a; 107:1a; 118:1a, 29a; 136:1 o. v.) Þetta er kunnuglegt stef. Framhaldið er: “Því að miskunn hans varir að eilífu.”

Spámennirnir lögðu einnig mikla áherslu á að Ísraelsmenn þökkðu Guði. Og lögmálið sjálft gerir ráð fyrir sjálfvilja- og þakkarfórnum. Og Nýja testamentið leggur enn meiri áherslu á þakklætið—kannski svo mjög vegna þess að það er fyrst og fremst að tala við “heiðingja”, þ.e.a.s. fólk, sem ekki var gyðingatrúar fyrir. Heiðnin lagði minni áherslu á þakklætið. Það þurfti hins vegar að blíðka hina ýmsu guði til þess að manni vegnaði vel. Það var gert bæði með fórnum og blíðmælggi við guðinn. Heiðingjarnir lögðu megináherslu á að ná velgengni í lífinu. Ef fómir og blíðmælggi dugðu ekki, þá reiddust menn oft guðinum og áttu það jafnvel til að skipta um guð. Heita fremur á Artemis en Apenu. Þetta er þannig enn í dag með þá sem lifa heiminum. Við þekkjum jafnvel þessa tilhneigingu—ef ekki hjá okkur sjálfum—þá örugglega hjá einhverjum sem við könnumst við í okkar kristna samfélagi.

Það er eðlilegur þáttur í lífi þess, sem lifir í nálægð Guðs, skapara himins og jarðar, að þakka honum. Þakka lífið, þakka fegurð sköpunarinnar, þakka fyrir góða fjölskyldu, gott heimili, góða vinnu, góða nágranna o.s.frv.

Það er eftirtektarvert hve Páll þakkar Guði jafnan mikið fyrir bræðuma, safnaðarmeðlimina. Hann veit að þeir hafa eignast trúna að gjöf frá Guði vegna undursamlegrar náðar hans. En hann hvetur lesendur sína einnig til þess að þakka Guði.

Þakklætið tilheyrir einnig tilbeiðslunni á himnum. Þannig lesum við til dæmis í Op. 11:17:

“Vér þökkum þér, Drottinn Guð, þú alvaldi, þú sem ert og þú sem varst, að þú hefur tekið valdið þitt hið mikla og gerst konungur,” ...o.s.frv.

En okkur—okkur finnst gjaman að okkur sjálf skorti þakklætiskennd. Við tókum hlutina dálítið sem sjálfsgöða eða sjálfgefna. Alla vega á þetta við mig. Og alla mína æfi finnst mér þetta hafi lítið breyst. Það koma jú stundir sem ég finn til þakklætis, jafnvel djúps þakklætis, en alla jafna þarf ég að minna mig á að ég hef ástæðu til að þakka Guði og mönnum—einkum Guði, sem hefur elskaði mig, frelsað og annast. Og ég ven mig á að þakka. En ég mundi vilja að þakklætið kæmi meira innan frá.

Þegar á bjátar í lífinu bið ég Drottin ásjár og hann auðsýnir mér náð. Þá man ég að þakka. Þegar vel gengur í lífinu, þá vill það smám saman gleymast að þakka. Maður verður vanur gæðunum. Er þetta svona með ykkur líka?

Tíu líkþráir urðu heilbrigðir fyrir orð Jesú. Aðeins einnsneri aftur til þess að þakka honum. Hinir hafa hugsanlega lagt ríkari áherslu á að reyna að komast aftur inn í fjölskylduna og samfélagið sem fyrst. Þeir höfðu misst af svo miklu, svo lengi. Mönnunum er tamara að þiggja en þakka.

Í sjálfum okkur erum við vanþakklát.

Hinir vondu

Hverjir eru hinir vondu? Það eru þeir sem krossfestu Jesú, þeir sem smánuðu hann, þeir sem létu glæpinn viðgangast. Við getum líka tekið undir að þeir barnamorðingjar, barnaníðingjar, sálamorðingjar og aðrir illgjörðamenn séu vondir. En kannski eru það líka fleiri. Segir ekki Jesús í Fjallræðunni:

“Fyrst þér, sem eruð vond[ir] hafið vit á að gefa börnum yðar góðar gjafir...”
(Mt. 7:11).

Hverja er hann að tala við? Lærisveina sína.

“Þegar Jesús sá mannfjöldann, gekk hann upp á fjallið. Þar settist hann og lærisveinar hans komu til hans. Þá hóf hann að kenna þeim og sagði...”
(Mt. 5:1-2).

Lærisveinamir eru hér sagðir vondir. Við erum sem sagt líka vond. Okkar “gamli Adam” er vondur, hugsar aðeins um það sem holdsins er. Það er aðeins í hinu nýja lífi, sem við eignuðumst fyrir trúna, sem okkur var gefin, sem hið góða eðli kemur í hinum “nýja Adam”.

En í þessum orðum sem ég las í upphafier kannski átt við hvort tveggja: hinn guðlausa mann (þ.e.a.s. manninn eins og hann stendur án Guðs) og þann sem gengist hefur upp í illskunni. Þann sem lagt hefur stund á hið illa. Það er í samræmi við það sem við lesum í Sálmu 35 og 36.

Við sjáum að Guð sýnir guðlausum og illvirkjum langlundargeð. (Sl. 10) Óguðlegir gróa sem grasið og illvirkjar blómstra (Sl. 92:8). Og við sjáum að hann reynir á þolrif hinna trúuðu. (Sl. 13; 22).

Hvað með okkur?

Stundum finnum við til okkar “gamla Adams”—okkar synduga eðlis. Okkur reynist erfitt að ganga veg helgunarinnar og við sjáum svo lítinn árangur. Við drýgjum enn okkar venjubundnu syndir. Okkur skortir kærleika. Við erum fullir sjálfshyggju. Við erum sjálfmiðaðir, horfum á okkur sjálfa og undrumst að Guð skuli sýna okkur náð og kærleika, sem bregðumst honum á svo margvíslegan hátt. Og svo förum við jafnvel að efast um að Guð geti elskað okkur. Hefur hann ekki hafnað okkur? Hef ég ekki reynt svo á þolrif hans að hann hljóti að hafa gefist upp á mér? Ég er bæði vanþakklátur og vondur.

Og mikilvægi syndanna vex. Okkur finnst við þurfa að telja þær upp frammi fyrir Guði til þess að fá fyrirgefningu hans, rétt eins og heiðnir menn gera. Rétt eins og kaþólikkar gera. Gera síðan yfirlát með einhverjum verkum. Við Ásta heimsóttum Vilnius um daginn. Það morar allt í kirkjum í gamla bænum. Það er sagt að hvar sem þú standir, sjáir þú aldrei til minna en fjögurra kirkna. Flestar eru þær Rómversk-kaþólskar, en einnig nokkrar Grísk-Orthodoxar eða Rússneskar. En alla daga eru pílagrímar á ferð til hinna helgustu staða þar eins og Dögunarhlíðsins. Þeir skríða jafnvel spottakorn á hnjánum og fara með bænir og telja með á talnabandinu, því að ekki má skeika í talningunni. Annars er ekki víst að Guð fyrirgefi brotin, sem verið er að friðþægja fyrir með þessum hætti.

Þetta er svo mannlegt, að þurfa að friðþægja fyrir brot sín. Hugur okkar segir: Farðu fyrst og helga þig og vertu góður og þá getur þú komið fram fyrir Guð.

Versin tvö sem ekki eru í Biblíunni

Í hugleiðingu dagsins í dag (24. maí) segir Richard Wurmbrand:

Eitt af því fegursta við Biblíuna er að tvö vers vantar í hana. Í fyrsta lagi er ekkert vers að finna í henni þar sem Jesús spyr: “Hvaða syndir hefur þú drýgt? Hversu margar syndir? Við hvaða kringumstæður? Með eða gegn hverjum? Segðu mér hvort syndir þínar voru smá yfirsjónir, minni háttar brot eða stórglæpir.” Nei, þvert á móti segir Biblían okkur að Jesús hafi farið manna á milli og sagt: “Óttastu ekki, vertu hughraustur sonur minn, vertu hughraust dóttir mín, syndir þínar eru fyrirgefna” —og það án þess að spyrja hverjar þessar syndir væru. Hann spyr þig heldur ekki um fortíð þína.

Í öðru lagi er hvergi að finna vers þar sem einhver biður Jesú afsökunar eða um fyrirgefningu synda sinna. Eftir síðustu kvöldmáltíðina flúðu allir postularnir nema Jóhannes. Pétur afneitaði honum. Þegar þeir hittust næst hefði verið fallett af þeim að segja: “Fyrirgefðu, okkur þykir þetta leitt.” Þeir gerðu það ekki. Það var vegna þess að hver sá sem horfir beint í andlit Jesú, sér í því svo mikinn skilning og kærleika að hann vegur verið fyrirfram viss um að “hann fyrirgefi allt”. Löngun Krists til að frelsa mig er miklu meiri en mín til að öðlast frelsið. Hann langar miklu meira til að fá mig í himinn sinn en mig til að koma þangað. Til þess að komast undan blessunum Guðs þarf að hlaupa hratt í burt frá honum.

Reiddu þig á þessi tvö vers, sem ekki eru í Biblíunni. Trúðu því að hann haldi ekki syndum þínum gegn þér og að æðsta þrá hans sé að fyrirgefa þér.

Amen.